



Til:  
Efni:  
Upplýsingar:

"Sigurður Friðgeir Friðriksson" <sigurdurf@borgarbyggd.is>  
Húsafell 3 - breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 og nýtt deiliskipulag.  
Sent: 22.09.2017 12:01:30 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017090005, Bréfalyklar: 42-0  
almennt

Tilvísun í mál: 2017090005

Vísað er til tveggja bréfa frá Borgarbyggð, bæði dagsett 1. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands annars vegar um breytingar á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 þar sem gert er ráð fyrir að breyta 13 ha svæði, reitur F128, frístundabyggð, í verslunar- og þjónustusvæði, S8. Og hins vegar umsögn um deiliskipulag fyrir 1 ha svæði úr landi jarðarinnar Húsafell 3 þar sem ger er ráð fyrir aðstöðu fyrir fyrirtækið Into the Glacier þar sem það mun m.a. hafa ýmsan búnað og aðstöðu fyrir starfsmenn.

Eins og kemur fram í greinargerðum með aðal- og deiliskipulaginu er svæðið að mestu óraskað og óbyggt og er það á náttúruminjasrá og nærri hverfisverndarsvæði. Náttúrufræðistofnun telur að hér beri að stíga varlega til jarðar og athuga hvort aðrar leiðir séu ekki færar. Í fyrsta lagi er verið að opna fyrir nýtt verslunar- og þjónustusvæði sem er óbyggt og ekki langt frá svæðum sem þegar eru í nýtingu. Í öðru lagi er eingöngu um eitt fyrirtæki að ræða en engu að síður er skipulagi breytt á 13 ha svæði sem er tiltölulega ósnortið. Það vaknar því sú spurning hvort ekki megi finna þessari framkvæmd/deiliskipulagi pláss, t.d. nær Húsafelli 3, á svæði sem er þegar raskað og í byggð en fjarlægðir eru ekki miklar þarna á milli.

Það er umhugsunarvert ef rekstur fyrirtækja, sem mörg hver vilja gera út á lítt raskaða náttúru Íslands, er farin að kalla á sífellt meiri uppbyggingu á lítt röskuðum svæðum t.d. í jaðri hálendisins. Vissulega verður alltaf einhver uppbygging en að breyta skipulagi á 13 ha svæði, vegna einnar framkvæmdar, og gera þar með ráð fyrir alls kyns mannvirkjum og þjónustu í framtíðinni virðist ekki vera í samræmi við stefnu sveitarstjórnar Borgarbyggðar þar sem segir í umhverfismati með aðalskipulagsbreytingu: „Tillagan er hins vegar talin hafa neikvæði áhrif á náttúruminjar, landslag og ásýnd svæðisins þar sem uppbygging mannvirkja á svæðinu mun hafa áhrif á áður óbyggt svæði.“

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson  
Forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is

